

Kennari:	Gunnar Möller
Áfangi/fag:	STÆR2HS05

Stutt lýsing

Hagnýt stærðfræði. Farið verður í verslunarreikning (jöfnur, hlutfalla-, prósentu og vaxtareikning og verðtryggingu) og grunnþætti í tölfræði (tíðni, gröf, miðsækni, dreifingu og líkindareikning). Nemendur læra að nota töflureikning og úrvinnslu gagna.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- einföldun 1.stigs jöfnum
- grunnaðgerum í verslunarreikningi
- framsetningu gagn í tíðnitöflum og myndrænni framsetningu þeirra
- mismunandi aðgerðum til að lýsa dreifingu og miðsækni gagna
- fundið út einföld líkindi

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna hlutföll, vexti og vaxtavexti
- vinna með gögn í töflureikni, gera töflur, reikna miðsækni og frávik
- nota töflureikni til að setja fram gögn í myndrænan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa reikningsdæmi sem tengjast daglegu lífi
- greina tölfræðileg gögn sem m.a. birtast í fjölmiðlum
- beita efni áfangans í nýjum viðfangsefnum í frekara námi

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Bækurnar Stærðfræði 112, tölfræði og íkindareikningur og Vaxtareikningur, sem Hringsjá úthlutar nemendum. Einnig er stuðst við vefbókina Hagnýt stærðfræði eftir Helmut Hinrichsen og Jónu Guðmundsdóttur.

Námsmat

Kafla próf: 4x20%

Vinnumat: 20% (mæting og virkni í tíma)

Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna nokkuð sjálfstætt í tímum með innlögnum frá kennara.